



Sigurður Ingi Jóhannsson
Innviðaráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík
srn@srn.is

Reykjavík, 5.apríl 2022

Efni: Farþegafjöldi um borð í RIB-bátum

Samtök atvinnulífsins og Samtök ferðaþjónustunnar, hér eftir nefnd samtökin hafa frá árinu 2013 átt samtal við samgönguráðuneytið, þá innanríkisráðuneytið og Samgöngustofu um leyfilegan farþegafjölda um borð í svokölluðum RIB-bátum. Samtölin eiga rætur í óskum útgerðarmanna RIB-báta um að fá heimild til að flytja fleiri en 12 farþega á bátum sem eru gerðir fyrir og rúma allt að 24 farþega.

SAF og SA hafa ávallt talið að kröfur útgerðarmanna um aukinn fjölda farþega, og í allt að 24 væru réttmætar enda sé um að ræða stuttar útsýnis- og skoðunarferðir með farsviði sem ekki fer út fyrir 15 sjómíllur frá næstu höfn eða innan flóa og fjarða. Í þau 15 ár sem RIB-báta útgerð hefur verið starfrækt hér á landi hefur ekkert tjón orðið sem hægt er að tengja fjölda farþega um borð í slíkum bátum, þótt komið hafi upp atvik sem brugðist hefur verið við til að auka öryggi farþega.

Rök ráðuneytis og Samgöngustofu gegn því að heimila fleiri en 12 farþega í RIB-bátum má að hluta rekja til Norðurlandareglna sem nú eru í endurskoðun og að hluta til samþykktá Evrópusambandsins um farsvið skipa og báta. Samtökin hafa ávallt bent á að reglurnar eru úreltar og að tækifæri felist í að fá undanþágur frá 12 farþega takmörkum vegna nýsköpunar og þróunar umræddra báta að ákveðnum öryggisskilyrðum uppfylltum auk umhverfissjónarmiða, sem eru stór þáttur. Það er með öllu óskiljanlegt að farartæki sem gerð eru og hönnuð fyrir 24 farþega fái aðeins að ferðast með 12 farþega. Engin önnur fólksflutninga- eða ferðaþjónustugrein býr við sömu takmarkanir samkvæmt ákvörðun stjórnvalda.

Þar sem Norðurlandareglur eru nú í endurskoðun innan samgönguráðuneytisins fara samtökin fram á það við ráðherra að hann beiti sér fyrir því að farið verði í tímabundið tilraunaverkefni sem heimilar allt að 24 farþega um borð í bátum sem eru allt að 15 metra langir. Telji ráðuneytið að setja verði reglugerð um þetta verkefni þá verði strax farið í þá vinnu í ráðuneytinu. Með verkefninu væri hægt að heimila útgerðum að ákveðnum öryggiskröfum uppfylltum að flytja 24 farþega í viðkomandi bátum. Gefist tilraunaverkefnið vel verði gefin út varanleg heimild til flutnings allt að 24 farþega með RIB-bátum eða sambærilegum bátum.



Samtök ferðapjónustunnar hafa áður lagt til að skipuð verði tímabundin öryggis- og mönnunarnefnd skipa og báta í stuttum útsýnis- og skoðunarferðum. Væri slík nefnd skipuð fulltrúa samgönguráðuneytis, fulltrúa Samgöngustofu, tveim fulltrúum SAF og fulltrúa Slysavarnaskóla sjómanna. Þessi nefnd gæti haft það hlutverk að fylgjast með þróun tilraunaverkefnisins sem hér er lagt til.

Óskað er eftir að ráðherra takið þetta erindi til skoðunar hið fyrsta og taki málið fyrir á fundi með fulltrúum útgerða RIB-báta sem farið hefur verið fram á.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Halldór Benjamín Þorbergsson

f.h. SAF - Samtaka ferðapjónustunnar

Jóhannes Þór Skúlason